

Reglur Hvalfjarðarsveitar um frístundapjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni

Kaflí I

Lagagrundvöllur, markmið og ábyrgð

1. gr.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 16 . gr. laga nr 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skulu sveitarfélög bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundapjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundapjónustu grunnskóla, sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

2. gr.

Markmið

Markmiðið er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístundapjónustu yfir daginn á starfstíma skóla, í skólafríum og á prófatímum þegar hefðbundnir skóladagar eru stuttir. Auk þess er frístundapjónusta í boði þegar starfstíma skóla lýkur að vori og þar til nýtt skólaár hefst. Þjónusta skal vera samofin annarri frístundapjónustu. Utan starfstíma skóla skal hún sniðin að þörfum þjónustunotenda og aðstæðum hverju sinni.

Þau börn sem eiga rétt á þjónustu á grundvelli þessara reglna eiga rétt á sumarorlofi og skal tekið mið af því við gerð þjónustuáætlunar um frístundapjónustu sbr. reglur þessar.

Frístundapjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt almennri frístundapjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður við komið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félaglegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Bjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði.

3. gr. Ábyrgð

Matsteymi Velferðar- og fræðsludeildar hefur það hlutverk að útfæra þjónustuna, tryggja samfellu og gæði hennar og hafa samráð sín í milli um fjárhagslega umsýslu þjónustunnar

Kaflí II

Skráning, mat á þjónustupörf og framkvæmd þjónstu

4. gr. Skráning

Sótt er um þjónustu rafrænt í gegnum þjónustugátt hjá Hvalfjarðarsveit á tilteknum eyðublöðum.

Umsóknir eru teknar fyrir af matsteymi Velferðar- og fræðsludeildar og metnar með hliðsjón af þörfum og aðstæðum umsækjanda. Hafst skal samvinnu og samráð við umsækjanda við mat á þjónustu.

5. gr. Mat á þjónstupörf

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal byggjast á mati um stuðningsþörf fatlaðra barna og ungmenna og skal þjónustan vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

Mat á stuðningsþörf skal vera unnin af matsteymi Velferðar- og fræðsludeildar og metnar með hliðsjón af þörfum og aðstæðum umsækjanda. Hafst skal samvinnu og samráð við umsækjanda við mat á þjónustu.

Unnið skal að því að fötluð börn og ungmenni í frístundaþjónustu fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

Við mat á þjónustupörf skal tekið mið af:

- Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemandans frá viðurkenndum greiningaraðilum.



- Mati á stuðningsþörf (SIS) frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.
- Mati á náms- og félagslegri stöðu nemendans, félagslegri þátttöku og líðan. Óskum foreldra og nemenda að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- Mati á heildrænni þjónustupörf og réttindum í samræmi við 2. og 5. grein leiðbeininga Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um framkvæmd frístundapjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sbr. 16 gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

6. gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Starfsmenn frístundapjónustu sinna þjónustunni sem er samþætt við aðra frístundapjónustu eftir því sem við á. Sérfræðingar Velferðar- og fræðslunefndar sinna fræðslu til starfsmanna. Utan starfstíma skóla skal hún sniðin að þörfum þjónustunotenda og aðstæðum hverju sinni.

7. gr.

Gjaldskrá

Gjald fyrir frístundastarf fatlaðra barna er ákveðin af sveitastjórn og birt á heimasíðu Hvalfjarðarsveiar.

8. gr

Þangarskylda

Starfsmenn undirgangast þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þangarskylda helst áfram eftir að þjónstu lýkur.

9. gr

Málsskotsréttur

Ákvörðun um frístundapjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni er tekin fyrir á meðferðarfundum Velferðar- og fræðsludeildar. Umsækjandi getur krafist rökstuddra, skriflegra svara ef umsókn er synjað. Ákvörðun um synjun má áfrýja til Velferðar- og fræðslunefndar innan fjögurra vikna.

Ákvörðunum nefndarinnar er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun.



10. gr
Gildistími

Reglur þessar taka gildi frá og með 9. október 2025.

Reglur þessar voru samþykktar á 429. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 08.10.2025.

Reglur þessar voru samþykktar í Velferðar- og fræðslunefnd, 02.10.2025.